

OZZO slf.
Tjarnabakka 8
260 Reykjanesbær

Reykjavík, 18. mars 2020
UST202003-376/H.H.
09.06.01

Efni: Umsókn um leyfi til kvikmyndatöku - Gullfoss

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn OZZO slf., dagsett 16. mars 2020, um leyfi fyrir kvikmyndatöku við Gullfoss.

Gullfoss er friðlýstur sem friðland sbr. auglýsing nr. 141/1979. Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf og skemma jarðmyndanir nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Samkvæmt stjórnunar- og verndaráætlun friðlandsins er flug ómannaðra loftfara óheimilt á svæðinu nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Fljúga á dróna við Gullfoss þann 19. mars 2020. Tökurnar munu taka um 1-2 tíma og 2 starfsmenn koma að verkefninu. Ekki er þörf á neinum búnaði eða tækjum á svæðinu. Flogið yrði beint yfir fossinn frá neðra bílaplani. Flughæð yfir fossinum yrði um 20-25 metrar.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki hafa áhrif á náttúrufar né verndargildi svæðis. Gestir gætu orðið fyrir tímabundinni truflun á meðan verkefni stendur yfir.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir OZZO slf., fyrir sitt leyti leyfi fyrir drónaflugi við Gullfoss sbr. lýsingu hér að ofan 19. mars 2020 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Einungis skal gengið eftir merktum göngustígum og óheimilt er að fara inn á lokuð svæði.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Kvikmyndatökuliðið skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að tökurnar valdi eins litlu ónæði og hægt er. Færri gestir heimsækja svæðið snemma morguns og síðdegis.
- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.

- Flugtíma skal haldið í lágmarki og það skal fara fram utan þess tíma sem flestir gestir eru á svæðinu.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ekki skal skilja eftir hluta loftfarsins á svæðinu heldur finna og endurheimta loftfarið og alla hluta þess ef það brotlendir eða bilar.
- Af öryggisástæðum skal sá sem stjórnar ómönnuðu loftfari klæðast merktum fatnaði svo hægt sé að auðkenna viðkomandi.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 990/2017

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfsrækslu fjarstýrðra loftfara.

Umhverfisstofnun bendir á að dróna sem notaðir eru í atvinnuskyni þarf að skrá sérstaklega hjá Samgöngustofu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um kvikmyndagerð og/eða ljósmyndatöku er kr. 52.600.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt



Hildur Hafbergsdóttir
Sérfræðingur



Valdimar Kristjánsson
sérfræðingur